



ÍSLE1FA05 (Fornám í íslensku)

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Haustönn 2022

Kennarar:	Sigbrúður Harðardóttir (SIH) Netfang: sissa@fsu.is Sigrún Þorkelsdóttir (SIP) Netfang: sigrun.torkelsdottir@fsu.is
-----------	--

Áfangalýsing:

Áfanginn er undirbúningur fyrir íslenskunám í framhaldsskóla og upprifjun á námsþáttum sem kenndir eru í grunnskóla.

Ritun og stafsetning: Ritun er þjálfuð frá grunni. Byrjað er á einföldum málsgreinum og unnið með greinarmerki og fleiri grundvallaratriði í stafsetningu. Síðan er farið í efnisgreinar og stutt ritunarverkefni s.s. hugleiðingar, fréttir og sögur. Stutt kynning á heimildaritun.

Lestur: Nemendur lesa ýmsa texta sem kennari velur en einnig að eigin vali. Lesskilnings- og bókmenntaverkefni unnin í tengslum við lesturinn.

Málnotkun: Nemendur fá þjálfun í málnotkun með ólíkum verkefnum, munnlegum og skriflegum.

Framsögn og tjáning: Nemendur þjálfist í að tala fyrir framan hóp, bæði með kynningum á eigin verkefnum en einnig rökræðum og framsagnaræfingum.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum í ritgerðasmíð, s.s. málsgrein, efnisgrein, greinamerki og bygging.
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli
- mismunandi lestraraðferðum
- nokkrum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem nýtast við umfjöllun um bókmenntir

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að

- skrifa ýmsar tegundir nytjatexta í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- nýta algengustu hugtök í málfræði til að bæta eigin málfærni
- beita mismunandi blæbrigðum og málsniði í tal- og ritmáli
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni
- lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda
- skilja algengt líkingamál og orðatiltæki

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málfari
- beita einföldum blæbrigðum í málnotkun til að forðast einhæfni og endurtekningar
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á málefnalegan hátt
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar textum
- sýna þroskaða siðferðisvitund og víðsýni í málflutningi sínum, umfjöllunum og verkum

Námsefni:

- Smásögur, ljóð og blaðagreinar (frá kennara)
- Tónlist og textar
- Verkefnablöð í stafsetningu og málfræði (frá kennara)
- Námsefni af vef, auk leikja og sjónvarpsþátta (Kahoot, Orðbragð o.fl)
- Rannsóknin á leyndardómum eyðihússins (skáldsaga)

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1. - 4.	18. ágúst -16. september	<ul style="list-style-type: none">• Kynning á áfanganum• Lesskilningur• Ljóð og tónlist• Ritun• Málfræði upprifjun• Stafsetning	Verkefni unnin úr hverjum námsþætti Próf úr efni lotunnar
5. - 10.	19. september-28. október	<ul style="list-style-type: none">• Skáldsaga: Rannsóknin á leyndardómum eyðihússins• Verkefni tengd sögunni• Bókmenntahugtök• Stafsetning	Bókmenntaverkefni Ritgerð Próf
11.-13.	31. október-18. nóvember	<ul style="list-style-type: none">• Bókmenntir og bókmenntahugtök• Ritun og stafsetning• Hlustun og framsögn	Ritunarverkefni (smásaga eða ljóð) Framsögn
14.-16	21. nóvember- 6. desember	<ul style="list-style-type: none">• Lestur og lesskilningur• Lokaverkefni. Sjálfvalið verkefni á íslensku (t.d. saga, ljóð,leikrit, stuttmynd, kynning á persónu eða stað)	Lesskilningsverkefni Skil á lokaverkefni, munnleg og skrifleg

Sérreglur áfangans:

Ekkert lokapróf er í áfanganum en ætlast er til að nemendur taki virkan þátt í kennslustundum, fylgist með innlögnum verkefnum, taki þátt í umræðum og skili þeim verkefnum sem ætlast er til samkvæmt námsáætlun.

Vægi námsþátta í námsmati:

Ritun og málnotkun	30%
Bókmenntir, lestur og lesskilningur:	40%
Hlustun og framsögn:	10%
Lokaverkefni:	10%
Verkefnavinna, þátttaka og virkni:	10%

Sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 1. september 2022

Sigprúður Harðardóttir

Sigrún Þorkelsdóttir